

Skipulag:

Fundarboðandi: Berglind Helga Bergsdóttir
Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir
Fundarritari: Þóra J. Jónasdóttir

Fundarstaður: Teams
Dagsetning: 29. apríl 2026
Fundartími: 13.00-14.00

Fjarverandi:

Þátttakendur:

Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar) og Berglind Helga Bergsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson og Hulda Soffía Jónasdóttir (sérgreinadýralæknar/sérfræðingur fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

Dagskrá:

Umsókn frá Arctic Sea Farm um að meðhöndla eldissvæðið Kvígindisdal í Patreksfirði með Salmosan vet

Umræða:

Rekstraraðili hefur orðið var við vaxandi fjölda lúsa á eldisfiski í Kvígindisdal. Spilar þar trúlega inn óvenjulega hátt hitastig í sjó framan af vetri, sem hefur valdið hagstæðum skilyrðum fyrir lýsnar þrátt fyrir aðgerðir rekstrarleyfishafa til að halda þeim í skefjum. Út frá velferð eldisfiska er mikilvægt að lúsaálagi sé haldið í lágmarki með hækkandi hitastigi sjávar. Slíkt er einnig æskilegt með tilliti til villtra fiskistofna, vegna göngu þeirra til sjávar á vormánuðum. Ekki er talið æskilegt að beita mekanískum aðferðum við fækkun lúsa á eldisfisk fyrir en hitastig sjávar hefur náð lágmarksviðmiði. Leiser er notaður á nokkrum stöðvum í firðinum, en framboð á leisertækjum nær ekki að halda í við eftirspurn. Lyfjanæmnisprófun sýnir að næmni fyrir lyfjameðhöndlun er skert, en talið er að aukinn styrkur lyfs geti gefið betri árangur en næmnispróf segi til um. Samráð er á meðal framleiðanda á nálægum eldissvæðum um lúsameðhöndlun og tímasetningu hennar.

Niðurstaða:

Fisksjúkdómanefnd hefur áhyggur af þróun mála hvað varðar lús á komandi sumri. Fisksjúkdómanefnd veitir jákvæða umsögn um að lyfjameðhöndlun með Salmosan verði heimiluð samkvæmt umsókn. Nefndin mælir með að lyfjanæmnisprófun verði framvegis í samræmi við fyrirhugaða lyfjameðhöndlun, bæði hvað varðar styrk lyfs og meðhöndlunartíma. Fisksjúkdómanefnd telur samstarf framleiðenda í baráttunni gegn lús mikilvægt til að sem bestur árangur náist. Fisksjúkdómanefnd fagnar nýjum úrræðum svo sem leiser í baráttu við lús á eldisfiski.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið kl 14.00